

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 23. janúar 2023  
Mnr. 2022120019



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað – Frumathugun vegna útboðs gervigras á Torfnesi

Mánudaginn 18. janúar sl. fundaði sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs með stjórn Vestra vegna útboðs á gervigrasi Torfnesevallar.

Til umræðu voru eftirfarandi punktar

- Val á tegund grass
- Vökvunarkerfi
- Drénlagnir
- Upphitun
- Lýsing

Stjórn Vestra lagði áherslu á að tegund grass í útboði væri „Fifa Quality Pro“ á báða velli, sjá meðfylgjandi fundargerð. Almennu eru tvær tegundir notaðar þ.e. Fifa Quality eða Fifa Quality Pro

### Notkunin stýrir að miklu leiti vali á grasi.

Í gæðaáætlun FIFA fyrir knattspyrnugras er miðað við að bæði FIFA Quality Pro og FIFA Quality gildi fyrir keppnisvelli. Evrópska knattspyrnusambandið UEFA gerir hins vegar þá kröfu að leikir á þeirra vegum fari fram á völlum sem uppfylla FIFA quality Pro. Munurinn er sá að FIFA Quality Pro er ætlaður fyrir Professional games og minni notkun (20 klst., eða minna, á viku) en FIFA Quality er ætlaður fyrir velli með mikla notkun (40 til 60 klst. á viku)

- Fifa Quality gras sem þolir 40-60 tíma álag á viku samkvæmt viðmiðunum FIFA eða allt að þrefalt álag
- Fifa Quality Pro með viðmiðunarnotkun allt að 20 tíma á viku eða um 1.000 tíma á ári sem dygðu til fyrir alla leiki meistaraflokks karla og kvenna ásamt æfingum þeirra, þá hinsvegar er annað starf s.s. yngri flokkar ekki reiknað með í notkun. Líftími gervigrassins stýrist af notkunartíma, ekki aldri.
- Líftími gervigrass miðast almennt við 10 ár miðað við uppgefna notkun frá framleiðanda og eðlilegt viðhald

Skv. stjórn Vestra eru allt að 35 stundir upp í þriðja flokk að æfa inni í húsi. Og yfir sumartímamann eru um 13 flokkar yngri liða og tveir meistaraflokkar. Fjöldi stunda yfir sumartímamann eru að lágmarki 60 tímar á viku. Líftími gervigrass miðast almennt við 10 ár miðað við uppgefna notkun frá framleiðanda og eðlilegt viðhald.

### Við ákvörðun um hverskonar gras er valið þarf að meta eftirfarandi þætti:

- Hver er tilgangur aðstöðunnar ?
  - Æfingar
  - Keppni
  - Sambland af báðu

- Þörfin hver er þörfin, hvað er aðstöðunni ætlað að afkasta, hverjir munu nota hana, hversu mikið.
- Rekstarkostnaður, líftími og kostnaður endurnýjunar.
- Viðhaldskostnaður og viðeigandi búnaður til þess að halda við grasi
  - Minitraktor og burstar



[www.uefa.com/MultimediaFiles/Download/uefaorg/Stadium&Security/02/54/11/96/2541196\\_DOWNLOAD.pdf](http://www.uefa.com/MultimediaFiles/Download/uefaorg/Stadium&Security/02/54/11/96/2541196_DOWNLOAD.pdf)

### **Helstu stærðir nýr gervigrasvöllur**

- Reiknað er með gervigrasvelli í fullri stærð og í samræmi við kröfur KSÍ.
- Merktur völlum >>>> 68x105m., með fjögurra metra öryggissvæði í kringum völlum = 76x113m., svæði lagt gervigrasi 76x113m = 8588 fermetrar.



### **Hitakerfi/Snjóbræðslukerfi**

Reikna þarf með hámarksafköstum upphitunar þannig að undirliggjandi fylling og gras haldist frostfrítt. Gert er ráð fyrir að undir gervigrasið verði lagðar um 34 km., af 25 mm. plastpípum sem síðan eru tengdar við tengigrindur sem liggja við enda vallar eða samsíða velli í steypnum stokkum. Að stokkum koma síðan stofnlagnir sem tengjast við varmadælur. Samhliða lögnum þarf að útbúa tæknirými undir búnaðinn, s.s. tengigrind loka- og stjórnþúnaður, varmadælur o.þ.h.. Tvennskonar útfærslur er hægt að ganga út frá, með tilliti til þess að halda undirliggjandi fjaðurlagi og fyllingu frostfríu.

**Annars vegar lokað kerfi:** Með lokuðu kerfi er notast við frostlög Glycol/frostvörn, sem er hringrásað í gegnum varmadælur. Kostir við þessa lausn er að ef rafmagn slær út af dælum eða þær bila og það er bið eftir varahlutum, þá frís ekki í lögnum. Ókostir við þessa aðferð er sú að rekstarkostnaður er hár. Skipta þarf um frostlög á 5-6 ára fresti sem um 6 m.kr.-

**Hinsvegar opið kerfi:** Á heitum svæðum hefur opið kerfi verið notað, þar sem aðgengi er að heitu vatni, t.a.m. Seltjarnarnes, Reykjavík og víðar. Opin kerfi er frábrugðin lokuðum kerfum á þann hátt, að þau dæla í gegn heitu vatni í stað þess að hringrás frostlegi. Á köldum svæðum þar sem jarðvarma er ekki að finna er áhætta fólgin í því, að ef kemur til bilanna og dælur stöðvast. Þá frýs í lögnum, tengigrindum og hætt er við að lagnir og búnaður, springi vegna þennslu. Tjón á búnaði getur orðið umtalsvert. Hægt er að draga úr áhættu með sjálfvirku vöktunarkerfi, s.s. stjórnstöð, rafeindastýringum, mótorklokum o.þ.h.. Hinsvegar kemur vöktunarkerfi ekki að gagni ef bilun er þess eðlis að það taki daga og eða vikur að fá varahluti þegar hætt er við frosti í jörðu.

**Tæknirými/hús:** Vegna vélbúnaðar s.s. varmadælur tengigrindur raflagna og stjórnkerfis þarf að áætla 10-15 fm. tæknirými. Rýmið getur verið staðsett hvar sem er við völlinn.

**Girðing:** Núverandi girðing er orðin mjög léleg og það er komin tími á endurnýjun á henni umhverfis völlinn og það vantar alfarið girðingu á þeirri hlið sem snýr að íþróttahúsi.

Lýsing: Vegna endurnýjunar Torfneshvalla, þarf að gera ráð fyrir a.m.k. fjórum xx háum ljósmöstrum með ljósum sem lýsa 500 til 800 LUX, í útboðsgögnum þarf að gera ráð fyrir hönnun undirstaðna, lýsingu og lagnaleiðum, sem uppfylla kröfur KSÍ og FIFA

Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til, hvaða atriða skuli skrifa inn í nýtt útboð. Hjálaga er kostnaðaráætlun sem að svo stöddu er **trúnaðarmál** m.t.t. útboðsmála og einingarverða.